Inngangur 2
A. Vöktun innflutnings eftirlitsskyldra afurða 2
Vöktun farmskráa flutningafyrirtækja 2
Vöktun tilkynninga í TRACES 2
Vöktun tilkynninga um skipakomur 2
Vöktun leyfisskyldra tollnúmera 2
Leyfisskyld tollnúmer 3
EESVARA 3
Ákvörðun um leyfisskyld tollnúmer og miðlun til tollyfirvalda 3
Leyfisskyld tollnúmer: yfirferð á skráningum í Tollalínu og eftirfylgni með frávikum 3
B. Umhleðsla (transhipment) 7
Kröfur fyrir umhleðslu sendinga frá 3ju ríkjum: 7
Innflutningur á afurðum sem eru umskipaðar á öðrum BCP innan ESB/EES: 7
Umhleðsla frá 3ja ríkis til 3ja ríkis 7
Endursendar vörur vegna höfnunar 7
Eftirlit við umhleðslu 8
c) Umflutningur (transit) 8
Umflutningur (transit) og eftirlit á komustað (entry BCP) 8
Umflutningur (transit) og eftirlit á brottfararstað 8
Umflutningur afurða sem fluttar eru beint um borð í skip 9

Inngangur

Þessar leiðbeiningar tengjast vinnulýsingu um Innflutning dýraafurða frá 3ju ríkjum VLY-034 og lýsa verklagi við vöktun á innflutningi eftirlitsskyldra dýraafurða og skráningu á umflutningi og umhleðslu.

A. **Vöktun innflutnings eftirlitsskyldra afurða** fer fram með eftirfarandi hætti

1. Vöktun farmskráa
2. Vöktun tilkynninga í TRACES
3. Vöktun tilkynninga um skipakomur
4. Vöktun leyfisskyldra tollskrárnúmera

B. **Umhleðsla** (transhipment) dýraafurða er vöktuð með tilliti til tímatakmarka sem sending hefur heimild til að hafa viðkomu hérlendis, í þeim tilgangi að skipta um flutningsfar innan sömu hafnar.

C. **Umflutningur** (transit) sendinga af dýraafurðum er vöktuð, til þess að fylgjast með því að vara sem á að hafa viðkomu hérlendis, í þeim tilgangi að flytjast milli tveggja landamærastöðva, sé flutt með þeim skilyrðum sem gilda um umflutning dýraafurða frá þriðju ríkum.

A. Vöktun innflutnings eftirlitsskyldra afurða

Vöktun farmskráa flutningafyrirtækja

Vöktun með farmskrám flutningafyrirtækja er í gagngerri endurskoðun í kjölfar sk. HS6 ákvæðis, þ.e. breytingar á reglugerð nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru. Breytingin sem tók gildi 1. janúar 2025 kveður á um að farmflytjandi skuli tilkynna tollstjóra í farmskrá um fyrstu sex stafi í tollskrárnúmeri vöru. Staðan þann 1. apríl 2025: Búið er að smíða vefþjónustu þannig að upplýsingar úr farmskrá tolls eru sóttar af Matvælastofnun einu sinni á sólarhring. Unnið er að því hjá Matvælastofnun að flokka upplýsingarnar þannig að unnt verði að lesa úr þeim hvaða sendingar eru ekki bornar undir eftirlit.

Vöktun tilkynninga í TRACES

Innflytjendur skulu tilkynna innflutning dýraafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) í TRACES (TRAde Control and Expert System) (LBE-028).
Eftirlitsmaður fylgist með innkomnum tilkynningum í TRACES samkvæmt LBE-027.

Vöktun tilkynninga um skipakomur

Eftirlitsmaður fær tilkynningar um skipakomur með tölvupósti (TFB@LHG.IS) frá vaktstöð Landhelgisgæslunnar og yfirfer þær með tilliti til:

- Skipakomur fiskiskipa/flutningsskipa með fiskafurðir frá 3ju ríkjum.
- Farþegaskipum frá 3ju ríkjum, vegna eftirlits með sorpi með dýraafurðum frá 3ju ríkum.

PSC1 (sjá LBE 055, í lið 5) fyrir löndun frysti- og verksmiðjuskipa berst með tölvupósti (sar@lhg.is) einnig frá Landhelgisgæslunni.

Vöktun leyfisskyldra tollnúmera

Leyfisskyld tollnúmer

Í tollskrá eru tollnúmer sem gilda um leyfisskyldar afurðir merktar með „MST = Leyfi Matvælastofnunar“ sem þýðir að tollafgreiðsla er háð sérstöku einkvæmu leyfisnúmeri sem gefið er út af Matvælastofnun að því gefnu að sendingin sem um ræðir hafi staðist innflutningseftirlit. Leyfisnúmer er skráð í reit 44 í aðflutningsskýrslu.

Í veftollskránni er hægt að leita að tollnúmerum eða texta og skoða upplýsingar um tolla, gjöld, leyfi, bönn og fleira sem tengist tollskrárnúmeri: https://veftollskra.skattur.is/

EESVARA

Tollkerfið getur ekki sjálfkrafa greint á milli leyfisskyldra afurða m.t.t. upprunalands. Þ.e. dýraafurðir sem eiga uppruna innan ESB/EES og eru í frjálsu flæði eru því leyfisskyldar skv. tollskránni.
Í kjölfar lagabreytingar á lögum nr. 25/1993 sem tók gildi 1. janúar 2020 og felldi úr gildi leyfisskyldu dýraafurða frá EES ríkjum var kóðinn „EESVARA“ tekinn í notkun. Tollyfirvöld sendu tilkynningu til innflytjenda og tollmiðlara þar sem eftirfarandi kom fram „Við innflutning á EES-vörum skv. lista yfir tollskrárnúmer skuli innflytjendur lýsa yfir að varan sé framleidd og flutt inn frá EES-svæðinu með því að skrá „EESVARA“ í reit 14 á innflutningsskýrslu (reit 44 í SAD-skýrslu)".

Ákvörðun um leyfisskyld tollnúmer og miðlun til tollyfirvalda

Ákvörðun um hvaða tollnúmer eru leyfisskyld byggir fyrst og fremst á eftirfarandi reglum

- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1322 frá 25. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/632 að því er varðar skrár yfir afurðir úr dýraríkinu aukaafurðir úr dýrum og samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum
- Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra og reglugerðir settar með stoð í þeim
- Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og reglugerðar settar með stoð í þeim

Tollgæslusvið Skattsins hefur umsjón með tollskránni og leyfum tollnúmera. Ef breytingar verða á ofangreindum reglum eða ef upp kemur misræmi milli tollskrár og löggjafarinnar skal Inn- og útflutningsdeild Matvælastofnunar meta hvort gera þurfi breytingar á tollnúmerum, þ.e. fella niður eða bæta við leyfisskyldu.

Beiðni um slíkar breytingar skulu sendar tollgæslusviði Skattsins. Samskipti vegna þessa skal vista í málaskrá Matvælastofnunar (málsheiti *Leyfisskyldir tollflokkar - POAO - upplýsingar til tolls [ártal]*).

Leyfisskyld tollnúmer: yfirferð á skráningum í Tollalínu og eftirfylgni með frávikum

Tollgæslusvið Skattsins tekur saman yfirlit fyrir Matvælastofnun um innsendar tollskýrslur með vörum sem falla undir eftirlit MAST og þurfa því s.k. MST-leyfi líkt og lýst er að ofan. Yfirlitið er á formi Excel lista þar sem fram koma helstu upplýsingar um sendinguna sem eftirlitsskylda varan tilheyrir.
Aðgangur að listanum er í gegnum „Tollalínuna“ sem hægt er að nálgast á vefslóðinni https://tollalinan.tollur.is/. Nýjar upplýsingar koma inn vikulega og fagsviðsstjóri inn-og útflutnings sækir nýjar skýrslur því í hverri viku til yfirferðar.
Innskráning er með rafrænum skilríkjum (í gegnum island.is) en starfsmaður þarf að hafa fengið umboð frá Matvælastofnun til þess að hafa aðgang að gögnunum. Endurnýja þarf umboðið árlega og skal óska eftir því í gegnum rekstrarsvið MAST.

Úrvinnslulistinn er undir „Vinnslur“ og þar er hægt að opna valið tímabil og sækja viðkomandi lista sem Excel skrá.
Excel skráin er vistuð á U:\A_Landamaraeftirlit\Tollur\Tollalistar\Listar_MST leyfi og gefið viðeigandi nafn eftir viku og dagsetningu sem hún nær til. Sjá mynd að neðan.



Úrvinnsla MST-lista.

Vinna þarf úr upplýsingum á MST lista til þess að sía frá þær sendingar sem hafa raunverulega fengið leyfi frá MAST og koma auga á hugsanleg frávik í skráningum MST-leyfis við innflutning. Flokka þarf sendingarnar eftir útflutnings- og upprunalandi og fara yfir MST-númerin. Hér á eftir koma leiðbeiningar um hvernig það má gera.
Hafa skal grunngögnin öll á einni síðu (‚sheet‘) í skjalinu og útbúa tvær nýjar síður fyrir tvennskonar vinnslu:

- 1. síða: Hrá gögn

  Skref:
  1) Afrita öll gögnin yfir á 2. síðu til að vinna með þau

- 2. síða: **Nafn**: 3ja ríki – 3ja ríki: **Skýring**: 3. ríkis uppruni, flutt inn frá 3.ríki.

  Hér er verið að athuga hvort eftirlitsskyldar vörur frá 3ju ríkjum hafi verið rétt skráðar í TRACES.

  Skref:
  1) **Dálkur**: Heiti (Upprunaland). **Aðgerð**: Velja eingöngu 3ju ríki (nota síu - taka hak úr EES löndum). **Tilgangur**: Að sía út sendingar með leyfiskyldum vörum með uppruna í 3ja ríki. Þessi listi er síðan afritaður yfir í síðu 3 og notaður áfram síðar.

  2) **Dálkur**: Heiti (viðskiptaland). **Aðgerð**: Velja eingöngu 3ju ríki (nota síu - taka hak úr EES löndum). **Tilgangur**: Að sía út sendingar með leyfiskyldum vörum með uppruna í 3ja ríki og sem eru sendar frá 3ja ríki.

3) **Dálkur**: Skírteini-tala (þetta er nr. MST leyfis). **Aðgerð**: Taka hakið úr öllu (sleppum númerum með TRACES númerum, t.d. REYYXXX, KEYYXXX, RSYYXXX o.s.frv. og númerum úr málakerfinu t.d. YYMMXXX), veljið það sem stingur í stúf, t.d. númer með röngum ártölum, EESVARA, ‚bullnúmerum' o.s.frv. **Tilgangur**: Að sía frá sendingar sem raunverulega hafa fengið leyfi og að standa eftir með það sem hefur ranglega fengið leyfisnúmer.

4) Það sem eftir stendur þarf að kanna hvort eigi sér skýringar.
Fiskafurðir frá Grænlandi og Færeyjum eru í lagi.
Kanna þarf hvort einhver tollnúmer eigi ekki að vera á síu

5) Bæta við athugasemdadálki aftast í skjalið. Ef færslur standa eftir sem ekki finnst augljós skýring á þarf að skrá það í athugasemdadálkinn.

- 3. síða: Nafn: 3ja ríki – EES. Skýring: 3ja ríkis vörur - flutt inn frá EES ríki

  Hér er verið að athuga hvort vörur með uppruna í 3ja ríki en fluttar inn í gegnum EES ríki hafi verið rétt meðhöndlaðar skv. reglugerð 1250/2019 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

  Skref:

  1) **Dálkur**: Heiti (Viðskiptaland): **Aðgerð**: Veljið eingöngu EES ríki. **Tilgangur**: Að sía út vörur sem fluttar eru frá EES ríki með uppruna í 3ja ríki.

  2) **Dálkur**: Skírteini-tala. **Aðgerð**: Taka hakið úr öllum augljósum leyfisnúmerum sbr. 3ja lið að ofan þannig að eftir standi sendingar með ‚EESVARA' eða öðrum ‚bullnúmerum' **Tilgangur**: Að athuga hvort sendingar hafi ranglega verið skráðar sem ‚EESVARA' eða fengið önnur leyfisnúmer. Að sía út vörur sem hafa verið fluttar inn með leyfinu ‚EESVARA', sem á eingöngu við um eftirlitsskyldar vörur frá EES.

  3) **Dálkur**: Tollskrárnúmer. **Aðgerð:** Takið út tollskrárnúmer sem eiga við um fiskafurðir (03XX, 1604, 1605) og aðrar afurðir sem ekki þurfa sérstaklega leyfi skv. reglugerð 1250/2019. Tilgangur: Að taka út afurðir sem ekki eru eftirlitsskyldar skv. 1250/2019.

  4) Það sem eftir stendur þarf að kanna hvort eigi sér skýringar og hvort það sé leyfisskylt. Það sem þarf MST númer eru til dæmis þau tollnúmer sem talin eru upp í reglugerð 1250/2019 (upptalin á heimasíðu MAST) og ætti að tilkynna í gegnum þjónustugátt.

     Fóður: Vara sem kemur frá EES löndum er EES vara, þ.e. fóður sem kemur í gegnum EES ríki þarf ekki leyfisnúmer, jafnvel þó uppruni sé þriðja ríki. (Fóður ber t.d. tollnúmer: 2309.1000; 2309.9090; 2309.9011)
     Plöntur og kartöflur úr 6. og 7. kafla tollskrár: Um innflutning á plöntum og plöntuafurðum fer skv.reglugerð nr. 189/1990, þ.e. málaflokkurinn hefur ekki verið aðlagaður að ESB reglugerð með EES samningnum. Allur innflutningum af þessum toga þarf að fara í gegnum þjónustugátt og því að hafa leyfisnúmer.

  5) Bæta við athugasemdadálki aftast í skjalið. Ef færslur standa eftir sem ekki finnst augljós skýring á þarf að skrá það í athugasemdadálkinn.

Útskýringar á efnisflokkum í skýrslu Tollstjóra

Sendingarnúmer: 9 stafa númer = ABBBCCCCDEEFFFGGGGH, þar sem:

A = Farmflytjandi
B = Flutningsfar
C = Komudagur
D = Ár
E = Hleðsluland
F = Hleðslustaður
G = Númer sendingar
H = Vartala

Skammstafanir yfir farmflytjendur:

E = Eimskip
S = Samskip
F = Flug
U = Norræna / Smyrilline
B = Birgi (Bounded warehouse, t.d. BVOR = Vöruhótel Eimskipa, BBMF tollvörugeymsla Samskipa)
P = Póstur
D = Hraðflutningar TNT
A = DHL Hraðflutningar
Z = bein löndun

Afgreiðslunúmer:

Númer afgreiðslu er oftast = 1, en 2 merkir leiðrétting í eða eftir tollaafgreiðslu.

Innflytjandi. Nafn: Nafn innflytjanda getur verið fyrirtæki eða einstaklingur.
Viðskiptaland: Landið sem varan er keypt frá.

Eftirfylgni með frávikum

Þegar búið er að vinna úr MST listanum og merkja þær sendingar/afurðir sem þarf að fylgja eftir, skal málið tekið til sérstakrar skoðunar.

1) Eftirlitsmaður aflar upplýsinga hjá tollgæslusviði Skattsins um hvort upplýsingar um sendingu í MST lista séu rétt skráðar, í einhverjum tilvikum eru t.d. uppruna- eða viðskiptalönd rangt skráð inn. Reynist slík skýring á málinu er það skráð í athugasemdadálkinn og ekkert frekar aðhafst.

2) Reynist sending rétt skráð en innflutningsreglum ekki hafa verið fylgt af innflytjanda hefur Inn- og útflutningsdeild samband við innflytjanda og óskar eftir skýringum og viðbótargögnum eftir því sem við á. Samskipti skal skrá í málaskrá Matvælastofnunar.

   Inn- og útflutningsdeild skal upplýsa innflytjanda um rétt verklag vegna innflutnings og grípa til viðeigandi ráðstafana eftir eðli máls og í samráði við tollgæslusvið Skattsins eftir því sem við á. Með tilliti til áhættu og umfangs innflutnings skal meta hvort grípa skuli til innköllunar eða annarra ráðstafana svo sem að óska eftir því að innflytjandi verði settur á síu hjá tollinum.

B. Umhleðsla (transhipment)

Umhleðsla dýraafurða er vöktuð með tilliti til tímatakmarka sem sending hefur heimild til að hafa viðkomu hérlendis, í þeim tilgangi að skipta um flutningsfar innan sömu hafnar. Jafnframt þarf að framfylgja ákveðnu eftirliti sem er mismunandi eftir neðangreindum aðstæðum:

Vöktun og eftirlit með umhleðslu og umflutningi er hluti af HS6 verkefni sem verið er að vinna á árinu 2025

Kröfur fyrir umhleðslu sendinga frá 3ju ríkjum:

- Umhleðsla ósamþykktra (non-conforming) afurða er eingöngu heimil frá 3ju ríkum sem innflutningur er ekki bannaður frá (ríkið og dýraafurðin þarf að vera skráð á landalista).
- Ábyrgðarmaður sendingar skal, áður en sendingin kemur inn á yfirráðasvæði ESB/EES, tilkynna starfsmönnum á viðkomandi landamæraskoðunarstöð um komu afurðanna með 24 tíma fyrirvara með því að fylla út 1. hluta CHED eða með öðrum rafrænum hætti sem MAST setur.

Innflutningur á afurðum sem eru umskipaðar á öðrum BCP innan ESB/EES:

- Fyrsti BCP skal kanna hvort seinni BCP hafi leyfi til að taka á móti afurðinni.
- Ef svo er ekki þá þarf fyrsti BCP að framkvæma skoðunina, jafnvel áður en tímamörk eru útrunnin.
- Ef vara er undir auknu eftirliti (intensified official control)), þá skal það framkvæmt á seinni BCP.

Umhleðsla frá 3ja ríkis til 3ja ríkis

- Tilkynna skal um umhleðslu í Traces eða með öðrum hætti.
- Skjala- og auðkennaskoðun skal fara fram ef farið er framyfir neðangreind tímamörk sbr. reglugerð ESB nr. 2019/2124
- **3 / 30 / 90**
  - Flugsending (flughöfn): 3 dagar
  - Skipasending (höfn): 30 dagar
  - Dýraafurðir sem eru undangengnar dýraheilbrigðiseftirliti (s.s. hunang): 90 dagar
- Ef grunur vaknar um að vörunum fylgi áhætta er heimilt að framkvæma fulla skoðun hvenær sem er.

Endursendar vörur vegna höfnunar

- Umhleðsla er heimil nema um sé að ræða
  - Bannaðar vörur (ríki og afurð ekki skráð á landalista)
  - Vörur undir öryggisákvæði (safeguard measure).

Eftir að tímamörk eru runnin út:

a) Transit frá BCP til BCP:
   - Skjalaskoðun á BCP og útgáfa á CHED í TRACES.
   - Seinni BCP getur þá gefið út síðara CHED sem tengist því fyrra

b) Beint 3ja ríkis transit:
   - Skjala-, auðkennaskoðun og fylgjast með að sendingin yfirgefi landið til 3ja ríkis.
   - Niðurstöður eiga að fara í CHED

Eftir að hámarkstímamörk eru runnin út (30 d/ 3 d):
- Við bætist heilbrigðisskoðun.
- CHED er útgefið af fyrsta BCP.

Sjá nánar um afgreiðslu CHED í TRACES í leiðbeiningum CHED LBE-027.

c) Umflutningur (transit)

Umflutningur sendinga af dýraafurðum er vöktuð, til þess að fylgjast með því að vara sem á að hafa viðkomu hérlendis, í þeim tilgangi að flytjast milli tveggja hafna, sé flutt með þeim skilyrðum sem gilda um umflutning dýraafurða frá þriðju ríkum.

Umflutningur (transit) og eftirlit á komustað (entry BCP)

- Landalisti: Uppruni dýraafurðanna er frá viðurkenndum ríkjum.
  - Undantekning frá kröfunni um skráningu upprunalands í landalista er er um er að ræða endursenda vöru, án viðkomu í ESB/EES.
- Komustaður (entry BCP) hafi heimilað umflutninginn.
- Ábyrgðarmaður sendingar skuldbindi sig til að geyma/farga/endursenda ef frávísað af BCP. Greiðir allan kostnað við beitingu 11. gr. 97/78.
- Heilbrigðisvottorð og önnur skjöl skal framvísa á BCP.
- Sendingin skal koma á BCP.
  - Undanþága er, ef engin afferming á sér stað eða transhipment.
- Undir tollaeftirliti
- Innsigluð og óskipt sending.
- Komustaður (entry BCP) skal tilkynna brottfararstað (exit BCP) um TRACES-netkerfið.

Umflutningur (transit) og eftirlit á brottfararstað

- A.m.k. skjala- og innsiglisskoðun.
- Brottfararstaður (exit BCP) skal staðfesta á CHED um brottflutninginn.
  - Fylla út box 41.
- Ef komustaður (entry BCP) fær ekki ofangreinda staðfestingu innan 15 daga skal hann vísa málinu til tollyfirvalds.
- Ef sending skemmist/ áhætta er fyrir hendi, skal héraðsdýralæknir (District Veterinary Officer, DVO) eyða henni í samræmi við reglugerð EC/1069/2009.

Sjá nánar um afgreiðslu CHED í TRACES í leiðbeiningum CHED LBE-027.

Umflutningur afurða sem fluttar eru beint um borð í skip

Umflutningur um Ísland:

- Getur eingöngu verið beint um borð í skip.
- Óbeinn umflutningur þ.e. með viðkomu í geymslu á Íslandi, er óheimill.
    - Engin tollvörugeymsla, tollfrjálst vöruhús eða tollfrjálst svæði er samþykkt hérlendis, til geymslu á ósamþykktum dýraafurðum.

Heimilt er að flytja ósamþykktar dýraafurðir (afurðir frá þriðju ríkjum sem uppfylla ekki innflutningsskilyrði) í umflutningi um landið (transit) ef þær uppfylla eftirfarandi kröfur:

Uppruni dýraafurðanna er frá viðurkenndum ríkjum (uppfylla kröfur um skráningu á landalista):

a. Umflutningur á ósamþykktum afurðum sem koma beint með flugi eða skipi frá ríkjum utan EES/ESB og eiga að fara beint í skip við Íslandsstrendur:
    - Skal tilkynnast fyrirfram af ábyrgðarmanni sendingar til Matvælastofnunar með því að nota 1. hluta CHED í TRACES.
    - Sendingunni skal fylgja heilbrigðisvottorð.
    - Viðkomandi landamærastöð gefur út vottorð vegna umflutningsins í samræmi við viðauka I í reglugerð ESB nr. 2019/2128.

b. Umflutningur á ósamþykktum dýraafurðum sem afgreiddar hafa verið frá samþykktri tollvörugeymslu/ tollfrjálsu vöruhúsi/ tollfrjálsu svæði í Evrópu og eiga að fara beint um borð í skip við Íslandsstrendur:
    - Skal tilkynnast fyrirfram til Matvælastofnunar af ábyrgðaraðila geymslunnar með CHED eða dóttur CHED í TRACES.
    - Viðkomandi landamærastöð gefur út vottorð vegna umflutningsins í samræmi við viðauka I í reglugerð ESB nr. 2019/2128.

Sjá nánar um afgreiðslu CHED í TRACES í leiðbeiningum CHED LBE-027.